

Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 7. mars 2017. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 13:00.

Fulltrúar BSRB á fundinum voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Guðbjörn Arngrímsson, Ásbjörn Sigurðsson, Karl Rúnar Þórsson og Garðar Hilmarsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru: Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Launaþróunartrygging frá 1. janúar 2018, hækkun launatöflu um 1,4%

Fulltrúar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB í samráðsnefndinni undirrituðu samkomulag¹ um breytingu á kjarasamningum aðila í samræmi við samkomulag² um útfærslu launaþróunartryggingar aðila rammasamkomulagsins frá 27. október 2015 fyrir hönd eftirtalinna stéttarfélaga.

Eftirtalin félög hafa samþykkt framangreinda tillögu sviðsstjóra kjarasviðs sem send var í tölvupósti þann 5. mars sl.

- Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
- FOSS stéttarfélag í almannajónustu
- Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
- KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannajónustu
- SFR stéttarfélag í almannajónustu
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu
- Starfsmannafélag Fjallabyggðar
- Starfsmannafélag Fjarðabyggðar
- Starfsmannafélag Garðabæjar
- Starfsmannafélag Hafnarfjarðar
- Starfsmannafélag Húsavíkur
- Starfsmannafélag Kópavogs
- Starfsmannafélag Mosfellsbæjar
- Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar v/ Akraness og Seltjarnarnes
- Starfsmannafélag Suðurnesja
- Starfsmannafélag Vestmannaeyja

¹ Sjá fylgiskjal 1.

² Sjá fylgiskjal 2.

2. Greiðsla bakvakta á dagvinnutíma

Erindi barst samráðsnefnd frá Kili þar sem óskað er eftir leiðréttingu á því hvenær greiðsla fyrir bakvakt á dagvinnutímabili hefjist.

Niðurstaða:

Aðilar skoða málið fyrir næsta fund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.